

Heilbrigðisráðuneytið  
Síðumúla 24  
108 Reykjavík

Reykjavík, 20. mars 2024  
Tilvísun: 2024030533/GRB

**Efni: Umsögn um frumvarp um breytingu á lögum um heilbrigðisþjónustu nr. 40/2007 (fjarheilbrigðisþjónusta)**

Persónuvernd vísar til draga að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um heilbrigðisþjónustu nr. 40/2007 (fjarheilbrigðisþjónusta) (þskj. 1091, 728. mál á 154 löggjafarþingi), sem birt voru í umsagnagátt Alþingis 7. mars 2024.

*I.*

Í 1. mgr. 1. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir nýju ákvæði á eftir 4. tölul. 4. gr. laga um heilbrigðisþjónustu nr. 40/2007. Í ákvæðinu er fjarheilbrigðisþjónusta skilgreind sem nýting stafrænnar samskipta- og upplýsingatækni til að veita heilbrigðisþjónustu þar sem aðilar eru ekki á sama stað á sama tíma. Þá eru í ákvæðinu frekari skýringar á þeirri þjónustu, tæknilausnum, verkefnum og verklagi sem falla undir skilgreininguna.

Þá er í 4. gr. frumvarpsins gert ráð fyrir nýju ákvæði í 27. gr. b laga um heilbrigðisþjónustu nr. 40/2007. Í ákvæðinu er mælt fyrir um að heilbrigðisstofnanir, sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmenn og aðrir sem veita heilbrigðisþjónustu skuli við skipulagningu og veitingu fjarheilbrigðisþjónustu uppfylla fyrirmæli landlæknis um upplýsingaöryggi, sbr. lög um landlækni og lýðheilsu nr. 41/2007.

Persónuvernd vekur athygli á að í athugasemdum við ákvæðið virðist vera um misritun að ræða þar sem vísað er til 1. mgr. 6. gr. laga nr. 41/2007 um fyrirmæli landlæknis um upplýsingaöryggi. Þau fyrirmæli voru sett með vísan til 1. mgr. 5. gr. laganna þar sem kveðið er á um að landlæknir geti gefið heilbrigðisstofnunum og heilbrigðisstarfsmönnum almenn fagleg fyrirmæli um vinnulag, aðgerðir og viðbrögð af ýmsu tagi sem þeim sé skylt að fylgja. Þá segir í athugasemdum við ákvæðið að með fyrirmælum landlæknis sé ætlunin að stuðla að öruggri notkun á tæknilausnum við veitingu fjarheilbrigðisþjónustu með því að tryggja að þær lausnir sem til standi að nýta við þjónustuna tryggi örugga meðferð upplýsinga og auðkenningu notenda þeirra.



## II.

Með vísan framangreinds áréttar Persónuvernd, að upplýsingar um heilsufar eru viðkvæmar persónuupplýsingar, sbr. b-lið 3. tölul. 3. gr. laga nr. 90/2018 og 1. mgr. 9. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679. Njóta slíkar upplýsingar sérstakrar verndar samkvæmt persónuverndarlöggjöfni og felur aðgangur óviðkomandi að þeim í sér alvarlega áhættu fyrir réttindi og frelsi skráðra einstaklinga.

Öll vinnsla persónuupplýsinga verður að samrýmast meginreglum 1. mgr. 8. gr. laga nr. 90/2018 og 1. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679. Samkvæmt 6. tölul. lagaákvæðisins og f-lið ákvæðis reglugerðarinnar skulu persónuupplýsingar unnar með þeim hætti að videigandi öryggi þeirra sé tryggt.

Um öryggi persónuupplýsinga er nánar fjallað í 32. gr. reglugerðarinnar, sbr. 1. mgr. 27. gr. laganna. Samkvæmt 1. mgr. ákvæðis reglugerðarinnar skal ábyrgðaraðili með hliðsjón af nýjustu tækni, kostnaði við framkvæmd og eðli, umfangi, samhengi og tilgangi vinnslunnar og áhættu, mislíklegri og misalvarlegri, fyrir réttindi og frelsi einstaklinga, gera videigandi tæknilegar og skipulagslegar ráðstafanir til að tryggja viðunandi öryggi miðað við áhættuna, svo sem geta tryggt viðvarandi trúnað, samfellu, tiltækileika og álagsþol vinnslukerfa og -þjónustu (b-liður) og taka upp ferli til að prófa og meta reglulega skilvirkni tæknilegra og skipulagslegra ráðstafana til að tryggja öryggi vinnslunnar (d-liður). Þegar viðunandi öryggi er metið skal einkum hafa hliðsjón af þeirri áhættu sem vinnslan hefur í för með sér, t.d. að upplýsingar verði birtar eða að aðgangur verði veittur að þeim í leyfisleysi, sbr. 2. mgr. 32. gr. reglugerðarinnar.

Að auki er mælt fyrir um það í 25. gr. reglugerðarinnar, sbr. 24. gr. laganna, að gera skuli ráðstafanir til að tryggja innbyggða og sjálfgefna persónuvernd. Nánar kemur fram í 1. mgr. ákvæðis reglugerðarinnar að með hliðsjón af sömu atriðum og nefnd eru í 1. mgr. 32. gr. reglugerðarinnar skal ábyrgðaraðili, bæði þegar ákveðnar eru aðferðir við vinnslu og þegar vinnslan sjálf fer fram, gera videigandi tæknilegar og skipulagslegar ráðstafanir, svo sem notkun gerviauðkenna, sem hannaðar eru til að framfylgja meginreglum um persónuvernd, svo sem lágmrörkun gagna, með skilvirkum hætti og fella nauðsynlegar verndarráðstafanir inn í vinnsluna til að uppfylla kröfur reglugerðarinnar og vernda réttindi skráðra einstaklinga. Þá segir í 2. mgr. 25. gr. reglugerðarinnar að ábyrgðaraðili skuli gera videigandi tæknilegar og skipulagslegar ráðstafanir til að tryggja að sjálfgefið sé að einungis þær persónuupplýsingar séu unnar sem nauðsynlegar eru vegna tilgangs vinnslunnar hverju sinni. Gildi sú skylda um það hversu miklum persónuupplýsingum er safnað, að hvaða marki unnið er með þær, hversu lengi þær eru varðveittar og um aðgang að þeim. Skuli einkum tryggja að það sé sjálfgefið að persónuupplýsingar verði ekki gerðar aðgengilegar ótakmörkuðum fjölda fólks án íhlutunar viðkomandi einstaklings.

---

Með vísan til framangreinds áréttar Persónuvernd mikilvægi þess að þau kerfi sem nýtt eru við veitingu fjarheilbrigðisþjónustu uppfylli kröfur persónuverndarlöggjafarinnar.


Þá vekur Persónuvernd athygli á að í 1. mgr. 5. gr. laga um landlækni og lýðheilsu nr. 41/2007 er ekki að finna tengil á auglýsingu um fyrirmæli landlæknis um upplýsingaöryggi. Leggur Persónuvernd til að bætt verði úr því.



Ekki eru að öðru leyti gerðar athugasemdir við efni frumvarpsins.

Verði frekari umsagnar óskað um einstök atriði verður hún fúslega veitt.

F.h. Persónuverndar,

  
Helga Sigríður Þórhallsdóttir

  
Guðna Ragnheiður Bergsdóttir